við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951.

Frá Einari Olgeirssyni og Ásmundi Sigurðssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að verja af tekjum ríkissjóðs árið 1951 og að lána úr mótvirðissjóði samtals 136 milljónir króna svo sem hér segir:

1. Til að lána bæjar- og sveitarfélögum til atvinnu- og framleiðsluaukningar samkv. 2. gr. þessara laga	50	millj. kr.
2. Til verkamannabústaða og til útrýmingar heilsuspillandi íbúða samkv. I. og III. kafla laga um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum	20	— —
3. Til lánveitinga út á smáíbúðir samkv. 3. gr. laga þessara	15	— —
4. Til Búnaðarbanka Íslands samkv. 4. gr. þessara laga	30	— —
5. Til að greiða upp í hluta ríkissjóðs af vangreiddum framlögum til skólabygginga, hafnargerða og sjúkrahúsa	10	— —
6. Til byggingar sjúkrahúsa, heilsuhæla og heilsuverndarstöðva	8	— —
7. Til að kaupa hlutabréf í Iðnaðarbanka Íslands h/f	3	— —

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða, hvað af þessum upphæðum er veitt af tekjum ríkissjóðs árið 1951 og hvað úr mótvirðissjóði.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lánum þeim, sem veitt eru bæjar- og sveitarfélögum til atvinnu- og framleiðsluaukningar samkv. 1. tölulið 1. gr., skal fyrst og fremst varið til framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum til að bæta framleiðsluskilyrði þeirra, svo sem til byggingar eða endurbóta á frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, bættrar aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa og hagnýtingar sjávarafurða og annarra framkvæmda til eflingar atvinnulífinu.

Alþingi kýs með hlutfallskosningu 5 manna nefnd til þess að gera tillögur um ráðstöfun þessa fjár. Skal hún gera tillögur til atvinnumálaráðherra um lánveitingar af fé þessu, en ráðherra ákveður síðan um lánveitingu.

Heimilt er að lána bæjar- og sveitarfélögum fé þetta til 20 ára með 4% ársvöxtum, enda samþykki nefndin ráðstöfun fjárins og tryggingar þær, sem settar eru fyrir lánunum.

Heimilt er bæjar- og sveitarfélögum að endurlána einstaklingum og félögum lán þessi, enda sé þá jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnuaukningar á staðnum.

3. Á eftir 2. gr. komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (3. gr.) Lán þau, sem veitt eru til smáíbúða samkv. 3. tölul. 1. gr., skulu veitt þeim, sem hafa byggt til eigin nota íbúðir, sem bygging er hafin á árið 1947 eða síðar, enda séu íbúðirnar eigi stærri en 100 fermetrar að gólffleti.

Lánin skulu veitt til 15 ára með 4% ársvöxtum. Lánsupphæð má nema 30000 kr. á hverja íbúð, en þó aldrei yfir 50% af byggingarkostnaði íbúðar. Til tryggingar lánum þessum skal taka veð í viðkomandi íbúð, og má lán þetta ásamt þeim veðskuldum, sem hvíla á íbúðinni með hærri veðrétti ekki nema meiru en 75% af kostnaðarverði íbúðarinnar.

b. (4. gr.) Fjárhæð sú, sem rennur til Búnaðarbanka Íslands samkv. 4. tölulið 1. gr., skal skiptast milli hinna þriggja aðaldeilda bankans: byggingarsjóðs, ræktunarsjóðs og veðdeildar — eftir tillögum bankastjórnar bankans og nýbýlastjórnar. Lán þetta skal veitt til 20 ára með 4% ársvöxtum.

c. (5. gr.) Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd 3. og 4. gr. þessara laga, m. a. um, hvaða skilyrði lántakendur samkvæmt 3. gr. þurfa að uppfylla mat á íbúðunum, ef ágreiningur verður um kostnaðarverð, reglur um útborgun lána, eftir því sem byggingu miðar áfram, og annað, sem þurfa þykir.

d. (6. gr.) Skuldabréf fyrir lánum samkvæmt lögum þessum skulu vera undanþegin stimpilgjaldi.

e. (7. gr.) Ríkisstjórnin getur falið opinberum lánsstofnunum að annast afgreiðslu hinna ýmsu lána samkv. þessum lögum og innheimtu.